

13. Lítið ágríp um sjávarút-  
vegin í Þorlákshöfn frá 1870.

---

Eftir Einar Guðmundsson smið,  
Bakkastíg 4, Reykjavík.  
21 blað. Rithöns ókunn.

Þorlákshöfn er ein af þeim  
og hefur hún þá allt  
Reykjavænum. Í  
elda öðli. Þetta  
1870 sem áður hefur  
á 1870 og var á  
húsnæðum sem kallað var  
þar sem þar var.  
Svanfrosur sem á 11 öld  
kann hana í Þorlákshöfn  
hinn á milli, kallaður „kleppur“  
fengið eitt sinn á einum  
vegi sem sverar þessum  
Þeir og um 1870 annars  
um 20 skip flest áttóin, en  
þar var einn maður í „berka“  
kallað var. Hildur þá frá  
á bankastígi þá sem  
um 1870 um 20 skip  
með Þorlákshöfn  
me þau gáðu um  
á kleppur undan  
landi heim, og

## Litid Agrip

um sjávarútveginn í Þorlákshöfn frá 1870  
eftir Einar smíð Gudmundsson Bakkestíg 4 (d. 20. mars 1935)

Í fornum ritum finnst mjög litid getid um  
Þorlákshöfn hvað sjávarútveg eða aflabrógð sventur  
og hefir hún þó eitt verið besta þrautalendingin austan  
Reykjanes. Útvegur hefir verið þar svo að segja frá  
alda öðli. Festarsteinur einn fannst þar jarðsekkinn  
1885 sem á var höggvið, eftir því sem mest varð ken-  
nt „1428“ og var augað á steininum mikið slitid eftir  
„kolluband“ sem kallað var og skipin voru bundin með  
þar sem þau stöðu. Getid er um Brand

Swartsson seint á 17 öld sem var þar formaður; átti  
hann heima í Auðsholti í Ölfusi og var aflamaður  
hinn mesti, kallaður „hluta-Brandur.“ Hafði hann  
fengið eitt sinn á einum degi 1600 firka. Það hefur  
verið sem svarar þremur hleðslum á eitthering.

Fyrir og um 1870 munu hafa gengið í Þorlákshöfn  
um 20 skip flest áttóin, með bankaróður. Áður  
fyr var ekki röid í „banka“ skipsins eða frami sem  
kallað var; tvíldu þá „frammi-menni“ sem soti áttu  
á „bankapoptu“ þá sem undir árunn voru, en eitthvað  
um 1860 voru eitt sinn sem optar nokkur skip vestur  
með Bergi (Hafnarbergi); gendi þá útrýðingis hrygnum,  
svo þau gátu ekki dregið inn Víkina og urðu þau  
að hleypa undan í Selvog, en eitt skipið náði  
landi heima, og var því þakkað að frammi-menni

létu seilar olar um ávarnar hjá andófs mönnum  
 og réru svo með þeim, eftir það mun „bankaröður“  
 hafa verið látinn í flest skipin. Segl mun  
 um það leyti hafa verið tekin upp þar; fluttist  
 þá formatur summan úr Höfnunum með skip sitt aust-  
 ur á Þorlákshöfn. Guðmundur hét hann, almenn  
 nefndur „skemmu-Svendur“. Hann notaði fyrstur  
 segl þar, mun sí niðreyttri ekki hafa verið vin-  
 sel fyrst. Þótti kostnaðar aukir útgertarmönnum  
 og sjómenn svanir reglum, en brátt mun hafa  
 sést hvaða yfirbundi reglin höfðu, þótt ófullkomin  
 væru fyrst. Til þess að standard kostnaðin-  
 tóku útgertamenn stærsta fiskinn úr hvenjum  
 nöður og var það kallaður „seglfiskur“ og héld sí  
 venja fram undir 1890. Fram að 1878 voru  
 handfari eingöngu notuð. Formenn voru flestir  
 úr Ölfusi og af Eyranbakka, og hásetar úr flestum  
 sveitum í Arnar og Rangárvalla sýslum, var margt  
 af þeim úrvalsmeðm ad dugnaði. Var þeir  
 þannig áskipað í skipin að fremstur var „krappamat-  
 urinn“; það hann á stafuþeki og vandi fari á bak-  
 borða, var til þess valinn góður fiskimaður og  
 lítlegur við segl. Þá voru „frammenner“ (skip-  
 haldsmenn) á bankapóptu, sí pópta var laus, svo  
 taka mátti upp, þegar mastrið var reist.  
 Til skiphaldsmanna voru valdir helst stórir og sterk-  
 ir menn, fólfinir og smarmenni, flötir við segl

og einnig góðir fiskimenn. Á næstu þáptu (sem einnig var siglupáptu) voru „andósmenn“ voru til þess valdir einkum góðir og þolmir veðanar og þeir sem ekki voru góðir fiskimenn, voru þeir að- eins þeir látnir andæfa þ.e. halda skipinu beint uppi vindinn, og láta ekki reka, en ekki gátu þeir það nema vindur væri litill, og var það kallað tveggja manna andóf, en þrautreyndir voru þeir til hins iðrasta ef fiskidráttur var. Þar næst voru fyrirvinsmenn (i fyrirvinni), voru þeir látnir leggja ús ávar, þegar andósmenn gátu ekki haldið i höfði, og þeir fjórir voru svo látnir andæfa meðan þeir gátu. Þá komu til miðskips- menn (i miðskipsminni) og var þá kominn stormur þegar þeir voru látnir leggja ús (sex manna andóf) Næst komu austurvinsmenn (i austurvinni) Þeir áttu að sjá um að austur (sjór) safnast ekki i skipið, og látnir voru þeir andæfa með hinum ef sex höfðu ekki við og fiskidráttur var, eða litugur vindur i land, var þá komið rok og venjulega slám- ur sjór i sunnanátt, og fyrir kom það, að sjór var orðinn svo stór, þegar farið var i land að liggja þurfti „til laga“ (kjósa þurfti sér hlið i milli sjóa) Á bitanu voru valdir góðir fiskimenn; rendu þeir ferum úr skutnum og aftast var formaturinn; sat hann á skorbitanum sem var yfir þveran skut- inn og rendi þveri á bakborða.

Þegar fiskur var þregur, eða alls enginn, á þeim stað sem leitað var, var „kippt“ sem kallað var. Þ.e. ferd sig til á sjónum, ymist stuttan „kippt“ eða langan; tvíldu þá bitamenn og knappa máður andópsmennina og stundum fóru faramenn i andóf, þegar þeim gekk illa að draga.

Færi lögðu útgerðarmenn til, það voru fjögur punda linur 60 fætna, einnig lögðu þeir til seilavélar. Það var mjór kátall um 2½ fætnar á lengd, með typpi á öðrum enda, en snæris harkí á hinum, sem brugðist var i „seilavél“, sem var úr kvalbeini og um 8-10 pund. löng, og var, þegar seilað var, nált inni stungist undir tjálka fiskjaris og úr fyrir ofan kjaptrikið.

Hásetar lögðu sér til sökkur og öngla, sökkan var um 6 pund að þyngd. Fyr á hinum var það steinn, aflangur og ávalur, kallaður „vátsteinn“ klöppuð var á hann skora og í hana stangað snæri var það kallað „fal“; undir það var brugðist ólar hönkum og voru það kallaðar „falsendur“ og þar i hnytt færi (það var kallað fjöguramanna andóf) og öngultaum, rinn i hvorn enda steinsins; öngultaumurinn var rúmlega hálfur fæturnar á lengd, úr tvi snúmu snæri. Önglarnir voru tveir, annar stór og annar minni metar, var hann kallaður „goggur“. Kom það fyrir að fiskur kom á báta i einu ef fiskur var ör

Sterna mastrið stóð við framansverða andöps þöptu. Seglið náði aftur í austurnum og var „strauað“ hend í blökk, sem fest var í bitann og var hin færð til þegar „vend“ var. Minna mastrið stóð framannvið austurnums þöptu og náði seglið aftur að skorbita, svo var „stagfoteka“; var henni krækt ofarlega í framstefnið. Síðan var „klyvininni“ og var hann festur á endan á útleggjaranum, sem var ás sem gekk fram í gegnum járnhring sem fastur var í stefninu. Stjórnborðs anegir; á eftari enda útleggjarans var þverstykki sem skortat var á milli slitranna, frammi við krappann. Útleggjarinn var upp undir þrjár álnir á lengd. Þettað var svo kölluð spryðsigling; spryðtið sem austfirðingar kalla „þanstöng“, var mjór ás, um tvo þunslunga í þvermál, var efri endi þess settur í lykku, á efsta horni reglsins að aftan, og var það horn mun herra en við mastrið og var kallað „veturklö“; gekk svo spryðtið skáhald niður og að mastrinu, fyrir ofan þöptuna, var það sett þar í katalhanka, sem kallaður var „rakki“ og mátti færa hann upp og niður. Stjórn mun hafa verið með taumum, all þar til að reglin voru tekin upp; var þvertré aftan á stjórn ofarlega og þar í festir taumarnir, voru þeir alldigur þrosshámsfletta, þótti betra að halda um hana en katal, og ekki eins hald, einkeum þegar frost var; sat þá formaturinn aftur á stafni; var það verið erfiði, að stjóra, ef sjór

var vondur og mikill gangur var á.

Áð stjóra með sveif var tekið upp um leit og seglin, var það mun hægra; sat þá formatur æðrumegin i skutnum fram við skorbitann, a svonefndu „stafnlokseyra“, vindmegin ef siglt var.

Yenjulega voru á hvenju skipi 14 menn og venjulega oftast nær unglingur sá fimtándi (hálfdrættisgur) fékk hann helsning af því sem hann dró, höfðu þeir aft góðan hlut, sem voru fiskur. Skips var í 17 stöði, þar af voru 3 hlutir „dauðir“, sem kallað var, 2 fyrir skipið og 1 fyrir „tillögur“; voru það færin, seilarólar, byrðarólar, smerin all til skinnkleða, sýra til drykkjar, 10 pd. af fiski (hárfiski) 10 pd. af kornu, var það kallað „skipslag“ og svo ókeypis húsnæði i verbið- um. Þar voru i þá daga líkar hver annari að gætum, veggirnir voru úr grjóti og torfi, óþiljadir að innan og var i þeim hlyðli misanna og síðar um 1885 kom rottan til sögunnar var hún mjög óvinsæl. Áð ald nema steina, veif i sundur veggi og þök, láku því búðirnar eins og laupur; þar voru gertar upp með stot- um og langböndum. Á langböndunum voru þverbitar og ofan á þeim stutlir kubbar, kallaðir „dvergar“ og á þeim hvíldi menasinn; var svo refs utan á, hvenjum nafli við annan, og svo var torppak. Þriju num voru hvoru megin og eitt fyrir gæpli, var það kall- atur „kór“, voru tveir menn i hvenju minni og nefnd- ust þeir „lagsmenn“; höfðu þeir matarsternur (litil

kofford) fyrir ofan sig við vegg, en uppi í rjáfrið, (langböndin og naftana) var hengt kjöt, hærðfiskur, fatneður og skinnklæði, sem ekki voru notuð daglega. Moldarbotn var í rúmnum og ofan á honum heyruddi, oft af skornum skamti. Formaturinn var í yfri enda utasta rúmsins til vinstri handa þá inn var gengið; hugði hann að veðri á morgnana, ef líkindi voru til róðurs. Pluggi var yfir hverju rúmi neðst á þakinu, stórir voru þeir ekki, þetta 5x6 þunlunga. Fyr á tímum höfðu menn skja glugga; var það líknarbelgur, þannig á grind, vildu þeir oft rifna.

Breidd gólfsins á milli rúma var venjulega 3-4 fet; var oft þröngt á gólfi þegar allir voru að skinnklæða sig. Skinnklæðin hengdu menn á stóðinnar, sem voru á milli rúmgablanna, og var svo lauslega bundið snæri utan um þau.

Drykkjarkúð höfðu hverjir lagsmenn á milli skrinanna. Áður fyr og fram um 1860 höfðu sjómenn ekkent kaffi, en eftir að farir var að nota það, voru byggðir smíðjukefar við hverja búð, venjulega var hitað kaffi fjórum sinnum á dag, þegar í landi var verið; var hitun þannig kallað, að formaturinn og lagsmatur hans ~~hans~~ titudu á sunnudaginn og svo hverjir lagsmenn sinn daginn hverjir.

Hver matur lagði sér til 2 pd. kaffi, 1 pd. export, 2 kúta kol, og 2 pd. sykurl, og var áttal að endast skyldi yfir vertitina, en ekki mun

það mi allit kafa dugast, vísð rykurinn  
 Fatapvots höfðu þeir uppi Ölfusi og austur á Eyraarbakka  
 Til fædis yfir vertíðina var mörnum allat fullorðinn  
 sautur í kæfu og hangikjöts krof. (knoppur), 3-4 fjöndunga  
 smjör, 20-30 pd. af handfiski og 30 pd. af mjöli í braut-  
 mat. Tvönn skinnkleði og vellingar eftir þörfum.  
 Í skinnstakka voru helst höfð cerstinn, en í brækur  
 ven sautskinn, kálfskinn og einnig þunn krossskinn.  
 Sjörkör úr situstu leðri, iðlendu. Mjög þurfti að  
 hirta vel skinnkleðin. Þáru menn iðulega á þau lif-  
 ur og lýsi, þegar tækiferi var til og þurkudu þau,  
 og eltu skinnstakkana svo þeir heldust mjúkir.  
 Þurfti þess og að hirta sjökleðin vel, ef sjósókn var mikil

Venjulega fóru veitarnenn að flytja í verid "ferur"  
 sínar (þ.e. útgerð til vertíðarinnar) á þorra. Voru það  
 klyffjar á hest, matorföng og fatnaður handa hverjum  
 útróðrarnanni. Var notað tækiferid ef veður var  
 gott, en ekki komu sjómenn í verid fyr en í situstu  
 viku þorra. Vertíðin byrjædi í fyrstu viku góu,  
 var þá farið að útbia skipin og veitarfæri og setja  
 skipin á "flöva". Voru þeir lag af hellusteinum ofan  
 við sjáfarkeppinn og stöð hvert skip á sínum "flövi"  
 og var það þangað sett eftir hvorn róður. Steinn<sup>x</sup>  
 mikill stöð við efri enda hvess "flövs". Var á honum  
 gald og skipin bundin þar í, með "kollubandinn",  
 stöðu skipin svo hlið við hlið, að gald gangrinn  
 var á milli þeirra

x sjá bls : fóstursteinu

Venjulega var ekki röð fyrir á norðmanna, en hálf-  
byard var orðit; voru þá allir komnir á fætur, ef  
sjóvetur var. Byrjandi þá formatur að skinn-  
klæða sig og sagði um leit. „Skinnklæðum okkur í  
feru nafni“, flipti sér þá hver sem mátti.

Þegar til skips var komið, gekk hver háseti að  
sinnum „keipi“ og sinnum stödi, sem hann hafði áður  
verið, en ef nýkomnir menn voru, vísaði formatur  
þeim til síns staðar, voru þá skordur teknar undan  
skipinu og það leyst og klunnar lagðar fyrir, voru þeir  
veikar spítur, um 2 al. á lengd, og voru þeir jafnframt  
notaðir sem föta tré í tvenju rúmi. Tóku menn  
síðan ofan hatta sína, signdu sig og skipið; sagði  
þá formatur: „Leggum hendur á í feru nafni“. Var  
skipið síðan sett fram. Þegar komið var að sjó  
kalladi formatur. „Árið þið!“ Voru þá árar lagðar í  
keipa, fór þá formatur uppi og tók „stjakann“ var það  
lítleq tréstöng 8-9 alnir á lengd, með sterkum bróddi;  
notaði formatur hann til þess að halda skipinu rétta  
að því stæi ekki flötu, ef sjór kom, þegar iðil var,  
eða meðan röð var úr úr vörinni, á meðan hann  
máti í botn. Yari brim þurfti ofn að bita eftir  
„lagi“. Þegar það kom, kalladi formatur: „Ylit þið!“  
Þurfti til þess góð átak og smarræði, einkum frammi-  
manna. Gripu menn svo árar og réru afturá-  
bak úr úr vörinni, þar til komið var úr fyrir sker-  
in. Var þá snúið við. Bakborðsmenn „töku í“

en stjórnborðsmenn „stungu við“ reni kallað var, svo skipið snérist við, sólarinnis. Líð þá formáður fyrir stjórn, var síðan tekið til róðurs, eða sett upp segl, ef byr var. Áð þau báru tóku menn of- en hatta rina, ef gott veður var og lásu sjöferða- bæn; var svo haldið ús á fiskimíðin.

Þegar lítið eða ekkert var fiskvart, fynd á vertíð en gott var sjöveður, var „lagst fyrir hákall“ („farið til hákalla“ segja Vestmannaeyingar), var þá lagst við stjórn. Fyrnum var það flatur steinn, um 80-100 pd. að þyngd, með gati og járnrökum sív annari hliðinni, veittu þær viðnam í botninum, áramt tré- hæl sem rekin var í gatið, og sem hild fötur hanka þeim er stjórnarið var ferd í. Síðar voru nod- úð lítil akkeri og nokkalldir „drekar“, með 4-5 spötum þóttu það lítlegru áhöld en steinstjórnar og hildu þó betur. Stjórnarið var nokkurt gildur kaðall hérumbil 60-70 fætra langur, voru „gefur ús“ um 20 fætra, eftir að stjórnin kom í botni; var það kallað „yfir varp“. Reyndi þá minna á stjórn. Var svo ferinu ferd um stefnið og ávarnar lagðar fram í banka. Tvö voru ferir; voru þau kölluð „söknir“. Var önnur önnur í andspinni á bakborða, en hin í austurminni á stjórnborða. Önglarnir voru stórir, á að giska 4-5 pund. bugviddin og leggurinn all að 10 pund. sigunnagli var efst á leggnum og öngultaumurinn nýja kedja, um 2 álnir á lengd. Sakkan var úr

járni, um 10 pd. að þyngd. Beitt var reyktu  
 hrossakjoti og selspiki. Eteki var „keipad“, sem við  
 þorok, en sökninni kaldið kyrr, laust frá botni.  
 Tveir menn drögu hákarlinn, og var dregið svo hratt  
 sem varð; þegar upp að bordi kom, voru tveir menn  
 tilbúin með „iferrur“, stórar krækjur með kaðli í og þótti  
 best að koma þeim í kjaptvikin eða hausinn á há-  
 karlinnum, voru til þess valdir valdir laqvirkir og snar-  
 ráðir menn. Heldu þeir svo hákarlinnum upp að  
 borðstokkunum, á meðan hann var stunginn, fyrir  
 aftan hausinn gegnum manna. Var til þess hafður  
 langur og sterkur hnifur „skálm“. Fyrirum var hann  
 notaður með trékylfu en það var seinlegra. Var síðan  
 tekin úr honum lifrin, skorið gáð á trjónuna og kaðli  
 rend þar í, var það kallað að „fuma“. Síðan var  
 þessi seil latin ganga aftur fyrir skipið og á hana dreg-  
 inn hákarlinn jafn ítt og aflátið. Kom það  
 ofi fyrir að hákarlinn var svo grátugur að hann elti  
 þann sem dreginn var, eða nokkrir komu upp að yfir-  
 bordi til að eta þá sem í seilinni voru; náttur þá  
 stundum nokkrir þeirra. Þegar svo farit var í land,  
 voru skrokkarnir bitaður niður í skipið, eftir því sem  
 að það tók, en hinn slept; var álitid að það spilti  
 veidi, því skrokkarnir nákuð undan straum og vindi  
 og hákarlinn elti þá, enda varði hákarlsafli sjald-  
 an lengur en 2 daga, og eigi var „farit til hákarla“  
 af annar fiskur fækket. Það var kallaður veinn há-

karl, sem i var tunna af lifur, en oft var margt  
 af honum smátt; fengust stundum fetta upp undir  
 40-50 á skip á dag og var það kallaður göður afli.  
 Lendingarnar í Þorlákshöfn voru tvær og  
 voru þær nefndar „varir“. Sútuvör fyrir sunnan  
 bæinn og Norðuvör fyrir norðan, var um 100 fæðma  
 á milli þeirra. Sútuvörin var um 30 fæðma löng  
 utast í henni var slétt klöpp um 4 fæðma breidd og var  
 hún næstum þús í mestu stórstraumsfjöru, í henni var  
 þó dalitil laut; fyrir innan þá klöpp var aftur djúpra inn  
 að málinni, upp undir stórstraumsflæði voru klappir með  
 skorum í, voru þar feldir dignir tréstockar, sem skip-  
 in voru sett á. Var það kallað „stockaflöð“, þegar upp í  
 þá fell, var þá illt að halda skipi í brinni. Sjaldan  
 var svo mikil fjara að ekki flyti tönu skipi í vörina,  
 en á hálföllnum flaut klöðnu skipi. Að sunnan verðu  
 við vörina var há klöpp, sem aldrei gekk sjór yfir, nema  
 í stórflöðum, dró hún mikil úr brinninu þegar hájávast  
 var. Að norðanverðu var stórgríptis þampur, sem sjór  
 gekk yfir í hálföllnum sjó; litlu norðar var há stand-  
 bergs klöpp og var hún kölluð „Sýsla“. Engin voru þar  
 útsker, og gekk sjörinn þar óbröttinn inn að vörinum.  
 Bæjar varinnar légu beint á milli austri. Norður  
 vörin var um 50 fæðma á lengd, beggja vegna við  
 hana eru tvö sker: „Flotasker“ að sunnan, sem fer í kaf  
 með hálfáfallnum, Skarfur að norðan, nákkust henni;  
 djúpt er á milli þeirra, en breidd á milli þeirra

6-7 fadma. Skamt fyrir innan þau verður „vörin“ þur, þá fjara er mikil og eru klappir í botni inn að malarkampi. Ekki flýtur hlöðnu skipi í hana með lægni sjó en hálföllnum og fellur þá sjör yfir allar klappir að summanverðu. Að vortanverðu er há klöpp, úthyrir miðja „vör“, fer ekki sjör yfir hana nema í stór brimi. Norðurvörin er þrautalending í brimi þegar hájavad er, og hafa of Sudurvarnar skip lent þar með göðu, þá ífar ífar þefir verid í Sudurvör.

Þess má geta að 16 marz 1895 kom svo mikil brim í loqui á litilli stundu, að öll sund urðu ífar á Eynarbakka, Stokkseyri og Loftstöðum og kom þá þaðan að austan um 70 skip, sem áranst nokkrum skipum sem á sjó voru í Þorlákshöfn, lentu öll í Norðurvörinni; eðins eitt skip brotnaði, en menn allir björguðust. Eigi getur nema eitt skip lent í einu í hvoruqvi vörinni ef brim er, og eigi má leggja í vörina fyr en næsta skip á undan er komið á þund ef mikil brim er.

Þegar komið var af sjó og silgd var, voru seglin feld (tekin saman). Skamt fyrir utan varinnar var svo nóð skarpur róður, einkum ef brim var; þegar komið var inn undir miðja vör eða fyr, lögðu skipshaldsmenn inn ávar, lykkrjudu kolluböndin upp á handlegg sér, fóru svo út að kinnung skipans, sinu hvoru megin og hildu sér svo með annari hendi í slóð fram undir stefni, kræktu fælinum, sem

nær var skipinu fram fyrir stefnið, miðri í sjónum  
 ef skipið var þungað, en hinum fótinum fram  
 og miður í sjónum; þegar þeir kenndu grunnis  
 spyrntu þeir fótum við, settu hendurnar móti kinn-  
 ungunum skipsins og iðstu því til, gáfu svo til kollu-  
 böndin, sem var litlegur kaðall, um 6 fæðma langur.  
 Voru þau fest í miðju stefni; vandt að gefa þau til,  
 næstum á enda, ef brinn var og dráttur mikill,  
 einkum í Norðurvörðum; skiphaldsmenn stóðu djúpt  
 og tóku á móti skipinu, með hervinum, þegar það  
 sveif að, og sjór kom með það, gekk þá sjór næstum  
 yfir þá, og þunfki bæti orku, lag og snarredi, til að  
 halda skipi í brinni, því ekki mátti kenna grunnis.  
 Biti maður stjórnbordsmegin hafði stjakiann tilbúinn.  
 Þegar formaður var búinn að taka af styrkið, lagði hann  
 það þvers yfir skutinn, fyrir aftan skorbitann, sat sit-  
 an á því og tók stjakiann og held skipinu réttu fyrir  
 sjónum. Stjakiinn var venjulega hafður stjórnbord  
 megin, eða að norðanverðu, því brinnið gekk skáhalt  
 inn með landinu, árunum var kastad í sjónum  
 fram með skipinu, og tóku andósmenn þar og báru  
 upp að „flövi“; þeir fóru að seila fiskinn og drögu  
 svo seilarnar upp á þund. Síðan var skipið sett upp  
 og skorðað; gekk þá formaður til bútar, en hásetar  
 báru upp aflann, voru til þess hafðar „byrtarólar“, mjór  
 kaðall, um einn og hálfur fæðm. á lengd, með typpi á  
 öðrum enda, var hinn endinn dreginn í hantann á

seilavélinni og svo fiskurinn dreginn af henni, venjulega 12-14 þorskar, síðan var aflinn borin upp á skiftivöll (malarblett); gengu svo hásetar til bútar, fóru úr skinnklæðum, borðutu og hitutu kaffi.

Aflannur var svo skift; það gerdi formaturinn og fleiri, þegar fiskur var mikill. Skift var í „kös“ tveimur hlutum saman, nefndur þeir hlutalaagsmenn sem saman áttu kastið, og verkutu þeir fisk sinn í félagi, ef á stökum hlud stóð, væri s.d. skift í 17 hluti, voru 8 kös og 1 hlutur, var hann kallaður „stakur“; síðan var talið í kóstunum og „tekið á“ var það með þeim hetti, að á eitt kastið lofðu hvernir hlutalaagsmenn venjulega veðling sinn, fiskhrygg eða annað. (formatur snéri sér við frá á meðan), kastaði hann svo því sem „tekið var á“ með sitt á hvern „kös“ og tirti þá hvern sitt. Var svo farið að „gera að“ fiskinum, það kalla austfirðingar að „gera gott í mætra“ þ.e. gera að fiski niður við sjóinn.

Sérhvernir laagsmenn áttu útaf fyrir sig dálitla kró úr grjóti, við skiftivöllinn, í henni geymdu þeir: hnoqr, svil og kútnaga, ofan á henni höfðu þeir sletta hellu sem þeir flöttu fiskinn á. Fram um 1860 var allur fiskur hertur, var hann þá blautur lagður í „kös“ úr á hinni, var það þannig, að hver fiskur var lagður saman á hléina og honum tekið saman í hálftving og svo hverjum við annan, í næstu röð var aftarihlutinn látnur liggja ofan á hnakka hins fyrri, vand kösir því þykkt og næstum þringlött. Þannig var

fiskurinn látið liggja, þar til á leið vertið og frost fóru að minka, var hann þá breiddur upp á grjóðgarða og fiskhyggi, ef frostlaus þerrir kom, mátti hann ekki þjósa á meðan hann var blautur, svo að hann yrði verzlunarvara, þurfti nákvæma umhyggju og ávægni við verkun hannar að hann yrði fallegur.

Þegar farið var að salta fiskinn, var hann saltatur í grjóðbyrgi; var hann saltatur þar í félagi af tvenju skipi. Hvenjir hlutalaagsmenn höfðu ritt mark á sinni kasti, voru það skorur, fjátrir og ymisleg hnifbrögð, tíðast við sporðinn eta á honum. Þekkti þvi hver sinn fisk. Saltat var frá 50-60 úr hálfturnum og var það talið nægilegt.

Þegar kom fram undir vertiðarlök og afli var engin eta ekki gaf á sjó, fóru menn að þvo („vaska“) fiskinn, var það lengi gert midur í fjöru í lóngollum, en síðar var fiskurinn þveginur í kórsum upp á mól, báru svo sjómenn fiskinn á þunkstötum, sem stundum var nokkuð langt frá, svo var hann tekinn til þurkunar af ymsum sem höfðu það fyrir atvinnu að vorinu til og bera áttu þeir hann inn í fisktökubúis og leggja hann inn, var það oft mikið verk. Verkunarlaur voru lengi kr. 2,50 á skipfundit og ekki tóku menn meira til verkunar en svo, að þeir væru búnir að þurka hann fyrir heyskapartima ef þarileg tíð var, og myndi mi, 1923, þykja líleg atvinnu. Fiskurinn var hlátin í stakka, þegar hann fór að þorra, voru þá 8-10 hundruð

i stakk, og síðað yfir með borðum, og svo látið grjóf á, svo hann fengist sein best. 7-8 góða þennindaga þunfti fiskurinn til þess að verða fullpur. 7 1 skipfund fór (af ferafiski) um 90-110 fiskar, eftir því hvað hann var feitur.

Samardagurinn fyrsti var dælitill hátíðardagur, einkum ef ekki gaf á sjó, veitlu þá útgerðarmenn eða formenn, hásetum dælitinn glaðring, sem var einkum innifalinn í aukka kaffi og ymsu góðgæti með og einnig það sem mörqum þótti mest í varid að fá „vel í staupinu“, en nokkuð var það misjafnt með þær veitingar. Kom það fyrir að sumir voru búnir að vita að sér lítilsköttar áður, sem þeir svo geymdu til dagins. Konuð gat það fyrir um það og hafa fyrir, að formenn þeir sem ekki voru hneygðir fyrir þess háttar fagnað, notuðu daginn venju fremur vel, ef sjövetur var, þótt lítil eða engin fiskur væri, var þá hvorki afli af sjó né áneqa í landi. Ef í landi var verið, og engar líkur fyrir sjövetur, notuðu menn daginn til að heimsækja kunningja sína í öðrum búðum og úrvega sér skipvinnu næstu vertid, ef þeir vildu breyta um, eða ef formatur þeirna vildi ekki hafa þá, því það kom alls fyrir, að þeir meiri háttar formenn létu þá háseta ófalata til næstu vertidar, ef þeim líkadi þeir ekki að einhverju leyti; þóttu ekki góðir fiskimenn eða vátarar, seinir til handtaka eða klaufgefnir. Máske gat eitt ógætilegt orð í gænt formannsins orðið

þess valdandi að þeir voru lötur fara, því þessir  
formenn gátu valið úr mönnum, enda búst altaf  
nógur. Þá, á sunnardeginum fyrsta, fólstu líka for-  
menn kætta þá sem þeir vildu hafa, eða spurðu þá  
hvort þeir hefðu í huga að breyta til um skipunum og  
fengu þá þeir sem í afhaldi voru oft í staupinu um  
leið, vona afsíðis, ef þeir vildu vera kynnir. Sunnar-  
daginum fyrsti var því nokkurstónar döms. eða úrslita  
dagur hjá mörgum kætum.

Engin var drygkjurkapur á vertíðinni, enda ekkert  
áfengi seld þar í veitistöðinni, en stundum fengu menn  
sér þó ögn af því, þegar þeir voru að „vaska“ fiskinn  
einkum ef vel hafði aflast. Oftast fluttu formenn  
skreið og færur sveitanna, sjöveg austur á Eyrarbakka  
um lokin, ef sjövegur leyfði, var þeim það hegðaranki  
mikill, að þeir þurftu ekki að sundleggja hesta yfir  
Ölfusa, og þá fengu menn sér oft dælitíð í staupinu.  
Það er um háls annars tína röður í loqui á milli  
Þorlákshafnar og Eyrarbakka.

Það var á miðri vertíð 1878 að fyrst var farið  
að fiska með „löt“ í Þorlákshöfn, þá um nokkur ári hafði  
hinn verið notuð á netarvertíðinni á Eyrarbakka og  
Stokkseyri og fiskast vel á þarna og eins þessa vertíð,  
en í Höfninni var var þessa vertíð mjög tregur fiskur  
á ferri. Töku þá nokkrir framtaksamir formenn það  
nád að fá sér efni í löt, og svo hver af öðrum.  
Brátt fór að fiskast vel á lötina, en nokkuð af því var

rypa. Flestir voru óvannir þessum veidarferum, og sló óhug á margar mannum, þegar átti að fara að "beita". Þátti það slennur ábotir að kveldi dags og kaldsams verk, en brátt vöndust menn þeir. Þá vertið var lóðin ekki lengri en um 900-1200 önglar með skipi hverju; var hin beitt að kveldi til morgun- dagsins, og svo var beitt á sjó ef veður leyfði.

Í lóðarásinn var höfð tveggjapunda lína, var hver lína um 60 fátoma löng og á hana látnir 100 önglar, var þá 10g  $\frac{3}{4}$  alin milli öngla; taumarnir voru ír tvi- sninu gammi, um 9 pund. langir, var á þeim lykka, sem brugðið var um árin. Þójar línur eða 300 önglar voru hafðir í hverju ilati, voru þau kölluð "bjótar" (bjót eru þau kölluð á aurljórdum og víðar). Voru það brogmýndadur kassar með nokkurskonar handdráða í öðr- um enda, og þar í voru önglarnir með beitunni lagðir hver ofan á annan. Bjóðirnir voru um 10g  $\frac{1}{2}$  alin á lengd, 12-14 pund. á breidd, 7-8 pund. á dýpt.

Duflin voru ymist litlar bauer mjóar til beggja enda með sigurnagla í öðrum endanum, sem ferit var feet í; eða belgir eins og Fereyingar nota, þáttu þeir betri einkum að þvi leyti, að betur sást til þeirra. Upphaldsferir voru 4 pd. línur. Stjórar voru frá 10-20 pd. þungir; miðduft voru höfð við þvítja hvern bjóta skil, voru þá um leið og lóðin var lögð ferirum undið upp á bauer, og henni kastað í sjóinn um leið og tilheyrandi stjóri var látinn út, náktist svo ferit

ofan af henni jafnötum og laqt var. Venjulega var löðin látin liggja um og yfir klukkutíma ef gótt var. Sá sem löðina lagði sad á skorbitanum stjórnbordsmegin, en „bjöturinn“ stóð á bitanum, en annar maður knýtti saman, og lét smá steina á hver bjöta skil, þar sem ekki var stjóri. Til þess að leggja löðina var valin handfljötasti maðurinn var það eris kaldsamt verk ef gaddur var, því berhentur vænt hann að vera; ef löðin gekk þarilega úr mátti hita sér á því að leggja hana, þótt óþrilegt sé, því hjá velfjötum manni sást nauvarst handa skil. Formaturinn sad aftur í stafni, (ef hann lagði ekki sjálfur) og greip um löðina ef að stansaði; mjög þótti að þurfti að vanda miðurlauningu önglanna þegar beitt var, (ef vel átti að ganga úr) en það var mi ekki eitt sem skyldi, því oft þurfti að flyta sér við beitingu og menn misjafnlega vandvirkir.

Þegar farið var að „taka“ löðina stóð sá sem hana dró inn, klofvega yfir um bitann stjórnbordsmegin og dró löðina á villu, um 18 þuml. langri og tveggja þuml. þykki var löðin þannig dregin sem handferi stanzlaust, en á skorbitanum sat maður, sem krækta fiskinn, með litlegri krækju, með um álfur löngu tréskafli, hann hafði og kníf hjá sér til að skera öngla úr fiskinum, ef ekki slitnadi uppúr, svo var fiskurinn blöðgatur um leið; gjörði það annar maður, ef mikill var fiskur.

Löðin var dregin í „bjöt“ sem var hafður í austurrinn.

inn; sat þar maður á austurnimmsþöplu og þjappaði lötinni niður í ljötinn; var það kallað að „stampa“. Skiptust menn um að draga, því verið var það erfitt ef fiskur var mikill í djúpu sjó. Stundum festist lötin í hraunbotni og tapast þá oft meira eða minna af henni.

Til beita var hafð einkum hrogn, skúfar, og garnir úr fiskinum og svo frosin sild, eftir að hin fór að veitast en ekki var hin notuð ef önnur beita var til, enda þurfti að sækja hana suður í Reykjavík eður en hin fór að veitast á Eyrarbakka; en besta beitan fyrr þorskinu voru hrognir; einnig voru hrúsu garnir góð yru beita.

Samansaman fóru menn að lengja lötina og var fyrr 1890 farið að hafa um og yfir 2000-2400 í kart. Var þá og farið að hafa tvömmar lötir, þ.e. önnur var höfð í landi til beitingar, meðan verið var í sjónum með hina lötina. Það voru þvi um 5-6000 sem hafð var með skipinu. Voru 2-3 menn hafðir í landi til að beita, meðan verið var úti með kartið, og máttu þeir flyta sér til, að vera búnir að beita og bera upp aflann, þegar komið var að. Var þá nótið með 3-4 körl, ef stult var nótið og veður leyfði.